



Reykjavík, 1. september 2025

Ágæta sveitarstjórnarfólk,

Árlega leita Stígamót til allra sveitarstjórna landsins til þess að óska eftir fjárstuðningi og samstarfi um reksturinn og nú leitum við til ykkar. Rétt er að taka fram að öll þjónusta Stígamóta við brotaþola er þeim að kostnaðarlausu.

Árið 2024 leituðu 707 einstaklingar til Stígamóta sem brotaþolar kynferðisofbeldis. Þar af voru 280 að koma á Stígamót í fyrsta skipti. Síðan Stígamót voru stofnuð árið 1990 hafa rúmlega 11.000 einstaklingar leitað til okkar en síðustu ár hefur orðið mikil aukning í ásókn og rekjum við það til þess að umræða hefur opnast um kynferðisbrot og afleiðingar þess.

Nokkur árangur varð af því að vinna niður biðlista árið 2024 en 147 einstaklingar voru á biðlista í lok ársins 2024 og styttist enn á árinu 2025, en fólk hikar oft við að skrá sig á biðlista og geta þeir því komið í veg fyrir að fólk leiti til okkar. Heildarfjöldi viðtala árið 2024 voru 3.155 og alls voru reknir 10 sjálfshjálparhópar fyrir brotaþola ofbeldis. Stígamót bjóða upp á einstaklingsviðtöl og sjálfshjálparhópa fyrir brotaþola kynferðisofbeldi af öllum kynjum óháð fötlun og uppruna. Um helmingur þeirra sem nýta þjónustuna á hverju ári búa utan Reykjavíkur.

Auk þess að reka gjaldfrjálsa þjónustu fyrir brotaþola kynbundins- og kynferðislegs ofbeldis þá beita Stígamót sér fyrir samfélagslegum umbótum fyrir brotaþola. Oft er það í kyrrþey með samtali við þá sem skipta málin innan kerfisins, en líka með þátttöku í opinberri umræðu þar sem við komum á framfæri reynslu og upplifun brotaþola. Stígamót hafa þannig tekið virkan þátt í viðhorfsbreytingu síðustu áratuga. Nú síðast kom niðurstaða í málum rotaþola gegn íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu, en Stígamót áttu frumkvæðið að þeirri vegferð sem mun vonandi skila sér í auknu réttlæti fyrir brotaþola.

Árið 2022 opnaði Stígamót nýja þjónustu sem heitir *Sjúkt spjall* en það er nafnlaust netspjall fyrir ungmenni 13-20 ára um sambönd, samskipti og ofbeldi. Stígamót fóru af stað með forvarnaverkefnið *Sjúk ást* fyrir tæpum átta árum síðan og var það alveg ljóst að samhliða því vantaði lágþröskuldaþjónustu fyrir ungmenni þar sem þau gætu tjáð sig um reynslu sína í trúnaði. Sjúkt spjall hefur orðið fyrsta skref margra ungmenna til að rjúfa einangrun og fá aðstoð.

Rekstur Stígamóta er háður skilningi og stuðningi opinberra aðila. Við skorum á sveitarstjórnarfólk að forgangsraða í þágu velferðar íbúanna og taka þátt í starfinu með okkur, því óskum við eftir fjárstuðningi fyrir árið 2026.

Með vinsemd og virðingu,
Drífa Snædal,
talskona Stígamóta